



5. nóvember 2024

Tilv.: 2410094

Dreifibréf nr.: 29/2024

Til fjármálafyrirtækja og Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu

**Efni:** Framkvæmd lækkunar, innlausnar eða endurkaupa gerninga sem teljast til eiginfjárgrunns

Með reglum nr. 696/2024, um útreikning fjármálafyrirtækja á eiginfjárgrunni og hæfum skuldbindingum,<sup>1</sup> var innleidd framseld reglugerð (ESB) 2023/827, um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 241/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir kröfur vegna eiginfjárgrunns. Hin framselda reglugerð (ESB) er sett á grundvelli reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (CRR), með síðari breytingum, sbr. 1. gr. c laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Í tilefni af framangreindum breytingum vill fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands vekja athygli á eftirfarandi atriðum varðandi framkvæmd lækkunar, innlausnar eða endurkaupa á gerningum sem teljast til eiginfjárgrunns:<sup>2</sup>

- Samkvæmt 1. mgr. 77. gr. CRR þarf fjármálafyrirtæki fyrirframleyfi fjármálaeftirlitsins til að:
  - Lækka, innleysa eða endurkaupa gerninga sem teljast til almenns eigin fjár þáttar 1 (e. Common Equity Tier 1, CET1) sem hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki hefur gefið út í samræmi við lög nr. 2/1995, um hlutafélög.
  - Lækka, greiða út eða endurflokka yfirverðsreikninga hlutafjár eða stofnfjár.
  - Innkalla, uppgreiða, endurgreiða eða endurkaupa gerninga sem teljast til viðbótar eigin fjár þáttar 1 (e. Additional Tier 1, AT1) eða þáttar 2 (e. Tier 2, T2), eftir því sem við á, fyrir samningsbundinn gjalddaga þeirra.
- Í 1. mgr. 78. gr. CRR er kveðið á um skilyrði þess að fjármálaeftirlitið heimili lækkun, innlausn eða endurkaup gerninga sem teljast til eiginfjárgrunns, sbr. 2.-4. mgr. sömu greinar. Fullnægja þarf öðru hvoru eftirfarandi skilyrða:
  - að hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki gefi út nýja eiginfjárgerninga af sömu gæðum eða meiri, með skilmálum sem eru sjálfbærir hvað varðar

<sup>1</sup> Með gildistöku reglnanna féllu úr gildi reglur nr. 1162/2022, um útreikning fjármálafyrirtækja á eiginfjárgrunni og hæfu fjármagni.

<sup>2</sup> Vakin er athygli á því að í dreifibréfinu er hvorki fjallað um hefðbundnar arðgreiðslur fjármálafyrirtækja né fyrirframleyfi fjármálaeftirlitsins sem heimil fjármálafyrirtækjum að telja hagnað árshluta eða heils árs með í almennu eigin fé þáttar 1 áður en hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki hefur tekið formlega ákvörðun til staðfestingar endanlegum hagnaði eða tapi fjármálafyrirtækisins. Sé slíkt leyfi veitt þarf endurskoðandi að kanna hlutaðeigandi uppgjör og draga skal frá hinum óstaðfesta hagnaði fyrirsjáanlegar arðgreiðslur og kostnað samkvæmt 2. mgr. 26. gr. CRR, sbr. 2. og 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 241/2014.

- tekjuhæfi þess, fyrir lækkun, innlausn eða endurkaup, eða á sama tíma og slík ráðstöfun á sér stað, eða
- b. að fjármálafyrirtækið hafi að mati fjármálaeftirlitsins sýnt fram á með fullnægjandi hætti að eiginfjárgrunnur þess og hæfar skuldbindingar myndu eftir lækkun, innlausn eða endurkaupa vera umfram viðeigandi varfærniskröfur sem mælt er fyrir um í CRR, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, og lögum nr. 70/2020, um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, sem nemur fjárhæð sem fjármálaeftirlitið telur nauðsynlega.
3. Nánar er fjallað um heimild til lækkunar, innlausnar eða endurkaupa gerninga sem teljast til eiginfjárgrunns í ákvæðum 1. undirþáttar 2. þáttar IV. kafla framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 241/2014, með síðari breytingum, sbr. 5. mgr. 78. gr. CRR. Seðlabankinn beinir því til fjármálafyrirtækja að fylgja ákvæðunum og vill árétta eftirfarandi atriði:
- a. Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar skal lækkun, innlausn eða endurkaup á eiginfjárgerningum ekki tilkynnt handhöfum gerninganna áður en hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki hefur fengið fyrirframleyfi fjármálaeftirlitsins.
  - b. Um frádrátt frá eiginfjárgrunni vegna lækkunar, innlausnar eða endurkaupa gerninga sem teljast til eiginfjárgrunns fer samkvæmt 2.-4. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar.
    - i. Almennt ber fjármálafyrirtæki að draga frá eiginfjárgrunni fjárhæð þeirra eiginfjárgerninga sem á að lækka, innleysa eða endurkaupa þegar slík ráðstöfun er líkleg til að eiga sér stað með fullnægjandi vissu. Fullnægjandi víska telst sérstaklega vera fyrir hendi þegar hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki hefur opinberlega tilkynnt um ráðstöfun sína um að lækka, innleysa eða endurkaupa eiginfjárgerninga, sbr. 2. mgr. 28. gr. Slík fullnægjandi víska, einkum í tilfalli almenns fyrirframleyfis, sbr. 3. mgr. sömu greinar, er almennt einnig talin vera til staðar á því augnabliki þegar fyrirframleyfið er veitt.<sup>3</sup>
    - ii. Fyrir eiginfjárgerninga sem innihalda innlausnarákvæði samkvæmt skilmálum sínum, og sé innlausnarákvæðið nýtt, telst fullnægjandi víska eingöngu vera fyrir hendi þegar innlausn gerninganna er tilkynnt handhöfum þeirra og skal því frádrátturinn eiga sér stað á þeim tímapunkti.<sup>4</sup>
    - iii. Varðandi frádrátt frá eiginfjárgrunni vegna endurkaupa fjármálafyrirtækis vegna skuldbindingar um kaupaukagreiðslur til starfsmanna sinna dregst fjárhæð gerninganna frá samsvarandi þáttum í eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækisins á meðan þeir eru í vörslu þess. Ekki er krafist frádráttar ef kostnaður vegna

---

<sup>3</sup> Sbr. einnig svar Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) við fyrirspurn Q&A 2017\_3277, sem uppfært var í júní 2023.

<sup>4</sup> Sbr. sama svar EBA.

aðgerðanna er þegar innifalinn í eigin fé þess samkvæmt reikningsskilum, sbr. 4. mgr. 28. gr.

- c. Fyrirframleyfi fjármálaeftirlitsins skal gilda í nánar tiltekinn tíma þannig að fjármálafyrirtæki geti hrint áformum sínum um lækkun, innlausn eða endurkaup í framkvæmd en þó ekki í lengri tíma en eitt ár, sbr. 5. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar. Hið almenna fyrirframleyfi skal einnig gilda í nánar tiltekinn tíma en þó ekki lengri tíma en eitt ár, sbr. 1. mgr. 78. gr. CRR.
- d. Samkvæmt 6. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar gilda 1.-5. mgr. greinarinnar á eininga-, samstæðu- og undirsamstæðugrunni eftir því sem við á.
- e. Um beiðni fyrir ráðstöfun lækkun, innlausn eða endurkaup gerninga sem teljast til eiginfjárgrunns almennt fer samkvæmt 29. gr. reglugerðarinnar. Þar kemur fram að fjármálafyrirtæki skuli tilgreina hvort óskað sé eftir fyrirframleyfi eða almennu fyrirframleyfi fjármálaeftirlitsins og skal beiðnin, ásamt upplýsingum og gögnum, taka til eininga-, samstæðu- og undirsamstæðugrunns eftir því sem við á.
- f. Um upplýsingar og gögn sem fylgja skulu beiðni um lækkun, innlausn eða endurkaup fer, eftir því sem við á, samkvæmt 30. gr. a eða 30. gr. b reglugerðarinnar.
  - i. Beiðni um fyrirframleyfi skulu fylgja með upplýsingar og gögn sem talin eru upp í 30. gr. og skulu þau sniðin að fyrirhugaðri ráðstöfun.
  - ii. Ef um beiðni um almennt fyrirframleyfi er að ræða skulu fylgja með viðbótarupplýsingar sem tilgreindar eru í 30. gr. a.
  - iii. Ef um beiðni um endurnýjun á almennu fyrirframleyfi er að ræða skulu fylgja með upplýsingar sem tilgreindar eru í 30. gr. b.
- g. Um tímafresti vegna beiðni um lækkun, innlausn eða endurkaup fer samkvæmt 31. mgr. reglugerðarinnar:
  - i. Fullbúin beiðni skal almennt hafa borist fjármálaeftirlitinu fjórum mánuðum áður en umbeðin ráðstöfun á að eiga sér stað, sbr. 1. og 2. mgr. 31. gr. Ef um endurnýjun á almennri beiðni er að ræða skal hún hafa borist fjármálaeftirlitinu þremur mánuðum áður en umbeðin ráðstöfun á að eiga sér stað, sbr. 3. mgr. sömu greinar. Fjármálaeftirlitið getur við sérstakar aðstæður heimilað fjármálafyrirtæki að skila inn beiðni innan styttri tímaramma, sbr. 4. mgr. greinarinnar.
  - ii. Fjármálaeftirlitið afgreiðir fullbúna beiðni innan þeirra fresta sem tilgreindir eru í 1.-4. mgr. 31. gr., sbr. 5. mgr. sömu greinar.

Seðlabankinn tekur fram að framangreind ákvæði eru óháð öðrum lagaákvæðum sem kunna að gilda um endurkaup eigin hluta, m.a. ákvæði VIII. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, eða ákvæði um endurkaupaáætlanir samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik (MAR), sbr. lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum.

Fjármálaeftirlitið hefur birt gátlista á vef Seðlabankans þar sem fram kemur hvaða upplýsingar og gögn skulu fylgja beiðni um lækkun, innlausn eða endurkaup gerninga sem teljast til eiginfjárgrunns.

Til hliðsjónar er að lokum bent á að samkvæmt 2. mgr. 77. gr. CRR þarf fjármálafyrirtæki fyrirframleyfi skilavalds Seðlabankans fyrir innköllun, innlausn, endurgreiðslu eða endurkaup gerninga fyrir samningsbundinn gjalddaga þeirra, annarra en eiginfjárgerninga, sem teljast til hæfra skuldbindinga (e. Eligible Liabilities). Í 1. og 2. mgr. 78. gr. a CRR er kveðið á um skilyrði þess að skilavaldið veiti slíkt leyfi. Nánar er fjallað um beiðni um slíkt leyfi í ákvæðum 2. undirþáttar 2. þáttar IV. kafla framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 241/2014, með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 78. gr. a CRR, og eyðublaði sem skilavaldið hefur birt á vef Seðlabankans.

Virðingarfyllt,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Gísli Óttarsson  
framkvæmdastjóri  
varúðareftirlit

Jónas Þór Brynjarsson  
forstöðumaður  
varúðareftirlit

